

Belimumab

Lyfjagjöf vegna gigtarsjúkdóms

Belimumab er í flokki líftæknilyfja sem eru framleidd í lifandi frumum. Lyfið er notað við „rauðum úlfum“ (Systemic lupus erythematosus, SLE) sem er sjálfsofnæmissjúkdómur.

Hvernig virkar belimumab?

Rauðir úlfar (SLE) trufla ónæmiskerfið þannig að svokallaðar B frumur virkjast og gefa frá sér mótefni. Þetta leiðir til skaða á eigin vefjum eins og húð, liðum og ýmsum líffærum. Belimumab er ónæmisbælandi lyf sem dregur úr virkni B frumna með því að bindast við og hamla próteini sem kallast BlyS.

Lyfið dregur úr verkjum og einkennum frá húð og slímhúð og virkar á bólgu í ýmsum líffærakerfum. Lyfið læknað ekki „rauða úlfa“ en kemur í veg fyrir frekari skaða eða skemmdir.

Það er einstaklingsbundið hversu fljótt árangur kemur fram. Sumir finna fyrir áhrifum strax eftir fyrstu gjöf, meðan aðrir þurfa lengri tíma. Búast má við að full virkni sé komin fram sex mánuðum eftir að meðferð er hafin.

Undirbúningur fyrir meðferðina

Áður en meðferðin getur hafist þarf ákveðinn undirbúning:

- Blóðsýni
- Lungnamynd
- Berklapróf
- Yfirfara bólusetningar

Rannsóknirnar eru gerðar til að útiloka duldar sýkingar eins og til dæmis berkla eða lifrarsjúkdóma þar sem þessir sjúkdómar geta versnað eða vaknað upp við meðferðina.

Tímabókanir

Ritari hefur samband til að bóka fyrstu tímana en síðan er nýr tími bókaður við hverja komu. Að morgni meðferðardags hefur ritari samband til að staðfesta lyfjagjöf. Mikilvægt er að láta vita tímanlega ef þú getur ekki notað bókaðan tíma.

Ekki mæta í meðferð meðan á veikindum eða sýklalyfjagjöf stendur. Hafðu þá samband við deildina til að fá nýjan tíma.

Undirbúningur fyrir lyfjagjöf

Mælt er með að hafa borðað og tekið hefðbundin lyf áður en komið er í lyfjagjöfina. Einnig er gott að hafa með sér smá nesti og teppi.

Hvernig fer meðferðin fram?

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Eiríksgötu 5 á fyrstu hæð, eða á sjúkrastofnun í heimahéraði.

Hjúkrunarfræðingur gefur lyfið í bláæð um æðalegg. Lyfjagjöfin tekur um 1,5 klukkustund. Fyrir hverja meðferð eru gefin ofnæmislyf og paracetamol, til að minnka líkur á aukaverkunum. Meðferðin byrjar á fjögurra vikna hleðslutíma, en á þeim tíma er lyfið gefið þrisvar sinnum.

1. lyfjagjöf	2. lyfjagjöf	3. lyfjagjöf
Vika 0	Tveimur vikum eftir 1. lyfjagjöf	Fjórum vikum eftir 1. lyfjagjöf

Eftir það líða fjórar vikur milli gjafa.

Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði fylgjast með líðan á meðan lyfjagjöf stendur og mæla blóðþrýsting og púls til að tryggja öryggi þitt.

Aukaverkanir

Flestir þola belimumab meðferðina án umtalsverðra aukaverkana. Sumir finna þó fyrir þreytu og flensulíkum einkennum daginn sem þeir fá lyfið. Algengustu aukaverkanir eru ofnæmisviðbrögð, það er kláði og útbrot. Aðrar aukaverkanir eru lækkun á hvítum blóðkornum, niðurgangur, ógleði, lið- og vöðvaverkir, höfuðverkur, þunglyndi og sýkingar svo sem blöðrubólga, berkjubólga og veirusýkingar í efri öndunarvegi.

Mjög sjaldgæf alvarleg aukaverkun belimumab er heilabólga. Fyrstu einkenni heilabólgu geta verið truflun á sjón og jafnvægi, erfiðleikar við gang og rugl. Ef grunur er um sýkingu þarf alltaf að leita læknis.

Ónæmisbælandi lyf geta aukið hættu á illkynja sjúkdómum. Mikilvægt er að forðast beint sólarljós og nota góða sólarvörn, þar sem útfjólubláir geislar geta haft áhrif á sjúkdóminn.

Til athugunar

Mikilvægt er að fylgja þeirri skimun sem almennt er mælt með svo sem myndatöku af brjóstum, leghálsstroki, ristilspeglun og reglulegri blettaskoðun hjá húðlækni.

Í fylgiseðli lyfsins eru yfirgripsmiklar upplýsingar um þær aukaverkanir sem hafa verið skráðar um lyfið.

Ofnæmisviðbrögð

Alvarleg ofnæmisviðbrögð eru mjög sjaldgæf en ef eitt af eftirfarandi einkennum kemur fram þarftu að leita strax læknishjálpar:

- Erfiðleikar við öndun eða kyngingu
- Þroti í andliti, tungu, vörum eða hálsi
- Sundl eða svimi sem getur verið vegna lágs blóðþrýstings
- Verulegur kláði í húð ásamt rauðum útbrotum

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Eftirfylgd

Mikilvægt er að eiga ávallt bókaðan tíma hjá þínum gigtarlækni til að hægt sé að meta árangur og öryggi lyfjagjafarinnar. Lyfið er leyfissskyt og gigtarlæknir þarf að sækja reglulega um leyfi fyrir meðferðinni til lyfjanefndar, yfirleitt fyrst eftir sex mánuði og svo árlega.

Akstur

Belimumab hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs.

Skurðaðgerðir

Mikilvægt er að láta gigtarlækni eða hjúkrunarfræðing á göngudeild vita ef fyrirhuguð er skurðaðgerð eða inngríp hjá tannlækni. Einnig við húðflúr og speglafræðing. Best er að skipuleggja aðgerð fjórum vikum eftir síðustu gjöf belimumab. Gjöf lyfsins má hefjast um 1-2 vikum eftir aðgerð.

Til athugunar

Segðu frá því að þú sért á meðferð með belimumab við komu til lækna, tannlækna, á bráðamóttöku eða við innlögn á sjúkrahús.

Bólusetningar

Ráðlagt er að allir sem eru á belimumab meðferð fari árlega í bólusetningu vegna influensu og fái bólusetningu við lungnabólgu áður en meðferð er hafin. Mælt er með að tímasetja bólusetningu þannig að hún sé mitt á milli lyfjagjafa.

Þeir sem eru á líftæknilyfjum mega ekki fá ákveðnar tegundir bóluefna, svokölluð lifandi bóluefni. Hægt er að fá upplýsingar um tegundir bóluefnis hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi á göngudeildinni eða á heilsugæslu.

Ráðleggingar embættis landlæknis um COVID bólusetningar eru á vefnum island.is:

[Bólusetning gegn COVID-19 | Ísland.is \(island.is\)](https://island.is)

Belimumab og önnur lyf

Belimumab þolist yfirleitt vel með öðrum lyfjum og óhætt er að taka verkjalyf eins og ibuprofen og paracetamol þrátt fyrir meðferðina. Belimumab er oft gefið með lyfinu hydroxychloroquin.

Meðganga og brjóstgjöf

Belimumab á ekki að nota á meðgöngu eða meðan á brjóstgjöf stendur. Mælt er með að þungun verði ekki fyrir en fjórum mánuðum eftir stöðvun belimumab. Ráðlagt er að ræða fyrirhugaðar barneignir við gigtarlækni með tilliti til lyfjagjafa og virkni sjúkdómsins. Mikilvægt er að láta gigtarlækni vita ef þú uppgötvar þungun.

Ferðalög

Þegar ferðast er erlendis er ráðlagt að hafa meðferðis evrópska sjúkratryggingakortið. Sótt er um það á sjukra.is.

Frekari spurningar

Ef þú ert í einhverjum vafa eða frekari upplýsingar vantar er velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðing á göngudeildinni eða leggja skilaboð fyrir gigtarlækni.

Hafðu samband við göngudeild eða heilsugæslustöð ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Breyting á þvaglátum svo sem ef þau eru tíð, sárt er að pissa eða þvagið er gruggugt og illa lyktandi.
- Hósti, uppgangur eða þyngsli fyrir brjósti.
- Líkamshiti er hærri en 38,2°C.
- Breytingar verða á fæðingarblettum á húð eða nýir koma fram.
- Roði, verkir og bólga í húð.
- Versnandi þunglyndi og/eða kvíði.
- Versnun á minni, getu til tals eða gangs.

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Símanúmer

Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma er opin virka daga klukkan 08:00-15:00.

Skiptiborð Landspítala gefur samband við deildina, sími 543 1000.

Gagnlegar upplýsingar og vefsíður

Upplýsingar um aukaverkanir og virkni lyfsins er að finna á fylgiseðli þess.

Upplýsingar á vef dönsku gigtarsamtakana <https://danskeumatologi.dk/laegemidler>

Dag og göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma: www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/gongudeild-gigtar-og-sjalfsofnaemis/